



BORGARRÁÐ 17. september 2026: Tillaga áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um framtíðarstaðsetningu Tækniskólans - MSS26090056

Borgarráð samþykkir að fela borgarstjóra að hefja samtal við stjórnendur Tækniskólans um að finna framtíðarstaðsetningu fyrir skólann í Reykjavík að undangenginni staðarvalsgreiningu og samgöngumati.

Greinargerð:

Iðnskólinn í Reykjavík var stofnaður árið 1904 og varð upp frá því mikilvægasta skólastofnun Íslands á sviði iðnnáms. Það ætti að vera sjálfsagt metnaðarmál Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands að hýsa allar helstu menntastofnanir landsins, jafnt bóknáms sem iðnnáms. Því voru það vonbrigði þegar stjórnvöld og stjórnendur Tækniskólans ákváðu fyrir nokkrum misserum að stefna að flutningi starfseminnar til Hafnarfjarðar. Í ljósi fregna um að þessi áform hafi nú siglt í strand er rökrétt að borgaryfirvöld leiti leiða til að finna Tækniskólanum framtíðarheimili innan borgarmarkanna. Æskilegt væri út frá byggðar- og umferðarsjónarmiðum að sú staðsetning yrði í austurhluta borgarinnar. Sú staðsetning sem hefur verið nefnd þ.e.a.s í Höllum í Úlfarsárdal gengur ekki þar sem þar er fyrirhuguð húsnæðisuppbygging, meðal annars fjöldi óhagnaðardrífina íbúða.

